



1. grein

Heiti félagsins

Félagið heitir Leikfélag Kópavogs.

2. grein

Markmið

Markmið félagsins er að starfrækja leikhús í Kópavogi og efla áhuga á leiklist.

3. grein

Innganga í félagið

Inngöngu í félagið geta allir fengið sem áhuga hafa á leiklist og vilja starfa sem áhugamenn. Umsókn um inngöngu skal vera skrifleg og leggjast fyrir stjórn félagsins sem afgreiðir inntökubeiðnir endanlega þegar félagsgjald hefur verið greitt.

4. grein

Félagsgjöld

Aðalfundur ákveður félagsgjöld og í hvaða formi þau skulu vera. Einungis þeir sem greitt hafa félagsgjald fyrir yfirstandandi leikár teljast fullgildir félagar.

5. grein

Fundir

Aðalfundur skal halda í maí eða júní ár hvert. Heimilt er að skipta aðalfundi.

Aðalfundarstörfum skal þó ætíð lokið fyrir 31. desember sama ár. Boða skal til aðalfundar skriflega með minnst viku fyrirvara.

Aðalfundur telst löglegur ef löglega er til hans boðað án tillits til fjölda fundarmanna.

Almenna félagsfundir skal halda þegar stjórnin telur þess þörf, eða minnst 2/3 fullgildra félagsmanna óskar þess skriflega. Skipa skal sérstakan fundarstjóra og fundarritara á öllum fundum.

6. grein

Aðalfundastörf

Störf aðalfundar eru þessi:

- a) Kosning fundarstjóra og fundarritara.
- b) Skýrsla stjórnar félagsins um starf á leikárinu lesin upp.
- c) Skýrslur nefnda lesnar upp.
- d) Lagðir fram endurskoðaðir reikningar fyrir síðasta reikningsár.
- e) Stjórnarkjör.
- f) Kosning hússtjórnar
- g) Kosningar tveggja endurskoðenda og eins til vara.
- h) Aðrar kosningar.
- i) Lagabreytingar. Tillögur skulu sendar eða kynntar í stjórn eigi síðar en 4 vikum fyrir aðalfund.
- j) Ákvörðun félagsgjalda.
- k) Önnur mál.
- l) Afgreiðsla fundargerðar.



7. grein

Starfsár / reikningsár

Starfs- og reikningsár félagsins er leikárið sem stendur frá 1. júní til 31. maí.

8. grein

Afl atkvæða

Á aðalfundi ræður einfaldur meirihluti greiddra atkvæða úrslitum nema um lagabreytingar sé að ræða.

Þá þarf 2/3 greiddra atkvæða með tillögu til að hún teljist samþykkt

9. grein

Stjórnarkjör

Stjórn skipa fimm stjórnarmenn og þrír til vara. Formaður er kosinn sérstaklega til eins árs en aðrir aðalmenn til tveggja ára, tveir ár hvert. Sé sitjandi stjórnarmaður kjörinn formaður skal kjósa aðmann til eins ár í staðinn. Varastjórn skal kjósa til eins árs.

Kosningar skulu bundnar uppástungum. Stjórn er heimilt að skipa uppstillingarnefnd til að tryggja framboð í embætti.

10. grein

Aðrir fundir

Stjórn skal boða almennan félagsfund eigi síðar en í september til að kynna verkefnaáætlun leikársins.

Þar skal fjárhagsáætlun leikársins einnig kynnt.

11. grein

Húsnæði

Leikfélag Kópavogs er óheimilt að selja eða veðsetja fasteignina sína að Funalind 2, Kópavogi, án samþykkis bæjarstjórnar Kópavogs og skal þessari kvöð þinglýst á eignina. Ef félagið er lagt niður fer húseign félagsins til Kópavogsbæjar.

Stjórn LK skipar hússtjórn sem samanstendur af formanni og tveimur félagsmönnum í upphafi hvers leikárs. Hlutverk hússtjórn skal starfa á grundvelli erindisbréfs um viðhald og rekstur húsnæðis félagsins sem stjórn félagsins útbýr.

12. grein

Nefndir

Stjórn er heimilt að skipa nefndir til að sinna einstökum verkefnum eða málaflokkum.

Skulu nefndirnar fá erindisbréf þar sem hlutverk þeirra og ábyrgð er skýrð. Nefndir skulu skila skýrslu til stjórnar í lok leikárs og skal leggja skýrslurnar fram til kynningar á aðalfundi.

13. grein

Æðstavalld

Aðalfundur fer með æðsta vald í öllum málum Leikfélags Kópavogs. Milli aðalfunda fer stjórn félagsins með vald. Hún skal starfa í náinni samvinnu við hússtjórn og nefndir félagsins. Engar meiri fjárskuldbindingar eða samninga sem á einhvern hátt skuldbinda félagið mega einstakir stjórnarmenn gera nema með samþykki stjórnarfundar.



14. grein

Hagnaður

Verði hagnaður af starfsemi Leikfélags Kópavogs skal honum varið til almennrar starfsemi samkvæmt ákvörðunum stjórnar.

15. grein

Slit á félaginu

Leikfélagi Kópavogs verður því aðeins slitið að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

Löglega boðaður aðalfundur samþykkir að slíta félaginu og skal skýrt taka fram í fundarboði að sú tillaga verði lögð fram á fundinum. Ef a.m.k. 3/4 fundarmanna samþykkja slitin skal þegar í stað boðað til sérstaks slitafundar. Boðað skal til slitafundar á sama hátt og aðalfundar og skal hann haldinn eigi fyrr en 4 vikum og eigi síðar en 6 vikum eftir aðalfundinn. Einungis löglegir félagsmenn á aðalfundi hafa atkvæðisrétt á slitafundi. Ef 3/4 greiddra atkvæða á slitafundi samþykkja tillöguna telst félaginu þar með slitið og skal stjórn sjá um ráðstöfun eigna félagsins í samræmi við lög.

16. grein

Gildistaka

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á aðalfundi Leikfélags Kópavogs í Leikhúsinu þann 6. júní 2023